



# Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Föstudagur 1. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

## Fræðslufundur - transbörn í skólum

Þriðjudaginn 5. mars kl. 20:00 verður fræðslufundur í sal skólans í Baugakór. Þar mun Ragnheiður Jóna Aðalsteinsdóttir grunnskólakennari fræða okkur um transbörn í skólum. Hún hefur haldið marga fyrirlestra varðandi transbörn og skólastarf ásamt því að vera ráðgjafi foreldra og skóla. Foreldrar nemenda í 2. árgangi eru sérstaklega boðaðir til fundarins en hann er einnig opinn öllum foreldrum sem vilja fræðast um málefnið.

## Fræðslufundur - mótlætapol og vanlíðan barna

Fimmtudaginn 28. mars kl. 20:00 verður fræðslufundur í sal skólans í Baugakór. Þar mun Erlendur Egilsson skólasálfræðingur fræða okkur um mótlætapol barna og gagnlegar leiðir til að aðstoða þau með vanlíðan. Allir foreldrar eru velkomnir á fræðslufundinn.

## Kæra skólasamfélag

Marsmánuður heilsar hlýlega og skólastarfið gengur sinn vanagang. Eins og sjá má á dagatalinu aftast í fréttabréfinu eru fastir liðir í skólastarfinu framundan eins og öskudagurinn og samræmd próf í 9. bekk. Það er síðan einn skipulagsdagur í mars og þemadagar í lok mánaðarins. Á þemadögum er líkt og á öskudaginn um styttri skólatíma að ræða en venjulega en allir nemendur skólans munu vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á þessum dögum og verður gaman að sjá hvað kemur út úr því. Við auglýsum fyrirkomulag þemadaganna nánar þegar nær dregur. Ég vek athygli á fræðslufundunum sem auglýstir eru hér til hliðar. Í báðum tilfellum er um að ræða viðfangsefni sem koma okkur öllum við. Annars vegar er um að ræða fræðslu um transbörn en nemendahópurinn okkar er fjölbreyttur og við viljum stuðla að því að öll börn mæti skilningi og viðurkenningu. Hins vegar verður fræðsla um „mótlætapol“ og leiðir til að hjálpa börnum með vanlíðan. Eitt af því sem mikilvægast er í uppeldi barnanna okkar er að kenna þeim þrautseigju, þ.e. að takast á við erfiðleika og mótlæti án þess að gefast upp. Erfiðleikar t.d. í samskiptum, mótlæti og kvíði upp að einhverju marki eru eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í því að vaxa úr grasi eins og í lifinu sjálfu. Við erum hins vegar oft óörugg gagnvart þessu þegar um börnin okkar er að ræða enda viljum við að þeim líði vel. Það er því gott að taka sér smástund til að velja þessum hlutum fyrir sér og kannski fá nokkur góð ráð í sarpinn.

Við erum byrjuð að undirbúa næsta vetur, starfsmannasamtöl eru að hefjast, við förum að huga að uppstillingu næsta vetrar og erum farin að auglýsa eftir kennurum fyrir haustið. Í því sambandi er rétt að upplýsa að breytingar verða á stjórnun skólans í haust þar sem undirritaður mun fara í námsleyfi á næsta skólaári. Þórunn Jónasdóttir aðstoðarskólustjóri mun leysa af sem skólustjóri á meðan og Inga Sigurðardóttir deildarstjóri tekur að sér starf aðstoðarskólustjóra.

Bestu kveðjur úr skólanum okkar,

Ágúst Jakobsson skólustjóri

## Skóladagatal 2019-2020

Nú er skóladagatal næsta skólaárs aðgengilegt á heimasíðu skólans, með fyrirvara um afgreiðslu menntaráðs. Skólastarf í haust mun hefjast 23. ágúst og vetrarfrí verða 21.-22. október og 5.-6. mars. Dagatalið má nálgast hér:

[https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2019-2020/skoladagatal\\_2019\\_2020.pdf](https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2019-2020/skoladagatal_2019_2020.pdf)

## Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Fulltrúar Hörðuvallaskóla í Stóru upplestrarkeppninni verða þær Sóley Jóhannsdóttir 7.R og Ásta Margrét Haraldsdóttir 7.R. Til vara verða Eydis Eik Sigurðardóttir 7.G og Salka Finnsdóttir 7.M. Allir nemendur í árganginum tóku þátt í undankeppninni sem haldin var innan skólans. Lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar verður haldin í Salnum þann 7. mars nk. klukkan 16:30 og þar keppa fulltrúar allra skólanna í Kópavogi.

Við óskum stelpunum góðs gengis!

## Innritun í grunnskóla Kópavogs fyrir skólaárið 2019-2020

Innritun 6 ára barna (fædd 2013) fer nú fram í gegnum þjónustugátt á vef bæjarins (<https://thjonustugatt.kopavogur.is>). Opnað er fyrir skráningu 1. mars 2019 og stendur hún til 8. mars. Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast milli skólhverfa og þeirra sem flytja í Kópavog eða koma úr einkaskólum. Haustið 2019 munu skólar hefjast með skóla-setningardegi fimmtudaginn 23. ágúst. Nánari upplýsingar um skólabyrjun munu birtast á heimasíðum skólanna. Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og skal sækja um á þjónustugátt Kópavogs. Sækja þarf um að nýju fyrir nemendur sem nú eru í slíkum skólum ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetur.



## Læsi og lífsgæði haldast í hendur

Ágæti nemandi og foreldrar/forráðamenn

Haustið 2015 gerðu mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög í landinu með sér *Þjóðarsáttmála um læsi*.

**Markmið sáttmálans er að tryggja, að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns.**

Stjórnvöld fólu Menntamálastofnun umsjón með verkefnum og stofnunin hyggst á næstu tveimur árum halda áfram að þróa próf og skimanir. Mælitækin hafa yfirheitið *Lesferill* og tengjast öll læsi s.s. lesskilningi, rétttritun og orðaforða. Verkefnið hóst með tilkomu lesfímiprófs og stuðningsprófa sem meta afmarkaðan hluta lestrarferilsins. Nú stendur yfir forprófun og stöðlun mælitækja sem meta lesskilning, orðaforða og rétttritun.

Við þróun þessara mælitækja þurfum við hjálp fjölmargra nemenda til að þau verði sem áreiðanlegust. Verkefnið tekur tvö ár og er ætlunin að vinna með 39 grunnskólum – þó ekki öllum samtímis – og leggja próf og skimanir fyrir nemendur með skipulegum hætti. Áhersla verður lögð á að raska sem allra minnst hefðbundnu skólastarfi og verkefnið sjálf eru einföld í fyrirlögn. Fyrsti hópur grunnskólanna tók þátt í verkefnum í október 2018.

Áætlað er að nemendur Hörðuvallaskóla taki þátt í tveimur eftirfarandi fyrirlögnum í mars og apríl 2019 og einnig vorið 2020.

- Rétttritun – mat á stafsetningu fyrir 3.-10. bekk, vor 2019.
- Orðarún – mat á lesskilningi fyrir 3.-8. bekk, vor 2019.
- Orðalykill – mat á orðaforða fyrir 1.-10. bekk, vor 2020.

Unnið verður eftir reglum Menntamálastofnunar um meðferð gagna. Um leið og við fáum gögn í hendur frá nemendum, munum við fjarlægja nöfn og kennitölur og gera gögnin þannig ópersónugreinanleg.

Ef eitthvað er óljóst eða þið óskið eftir nánari upplýsingum varðandi prófanirnar má hafa samband við Berglind Hansen, verkefnastjóra Lesferils, á netfangið [berglind.hansen@mms.is](mailto:berglind.hansen@mms.is).

Með bestu kveðjum og von um jákvæðar undirtektir,

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matsviðs og Berglind Hansen, verkefnastjóri Lesferils hjá Menntamálastofnun.

## Fleiri Íslandsmeistarar í skák!

Það gekk aldeilis vel á Íslandsmóti stúlkna sveita sem haldið var snemma í febrúar. Stelpurnar okkar í 1.-2. bekk gerðu sér lítið fyrir og unnu sinn flokk og urðu þar með Íslandsmeistarar! Þær hlutu 19 1/2 vinning af 24 mögulegum eða 81,25%.

Sveitina skipuðu Klara Hlín Þórsdóttir 2. bekk, Arney Embla Hreinsdóttir 2. bekk, Margrét Mirra Bjarkadóttir 2. bekk, Dagmar Lilja Gunnarsdóttir 1. bekk, Íris Mjöll Nóadóttir 2. bekk og Eydís Klara Kjartansdóttir 2. bekk.

Sveit Hörðuvallaskóla í flokki 3.-5. bekkjar lenti í 3.sæti með 16 1/2 vinning af 28 mögulegum eða 59%.

Sveitina skipuðu Guðrún Fanney Briem 3. bekk, Sigrún Anna Viggósdóttir 3. bekk, Silja Vignisdóttir 4. bekk og Þórey Margrét Magnúsdóttir 4. bekk.

Foreldrar og aðrir aðstandendur fylgdu stelpunum og studdu við bakið á þeim sem er ómetanlegt í slíkri keppni.

Til hamingju stelpur!



## Fundargerðir skólaráðs

Skólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega og við minnum á að fundargerðir má nálgast á heimasíðu skólans eða beint á eftirfarandi slóð:

<https://www.horduvallaskoli.is/is/skolinn/skolarad>

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna veikindi eða forföll á skrifstofu skólans sem allra fyrst að morgni með símtali, veikinda-skráningu í gegnum mentor.is eða í tölvupósti til ritara fyrir kl. 8:05. Ef veikindi eða forföll vara lengur en einn dag skal tilkynna þau daglega.

Beiðni um leyfi nemenda skal berast frá foreldrum eða forráðamönnum. Umsjónarkennarar afgreiða beiðni um leyfi í 1 eða 2 daga, en skólastjórnendur beiðni um lengra leyfi sem verður þá að vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum eða heimasíðu skólans:

[https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2017-2018/beidni\\_um\\_leyfi.pdf](https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2017-2018/beidni_um_leyfi.pdf)

## Munið foreldraröltið

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.horduvallaskoli.is/is/foreldrar/foreldrarolt/>

Röltvaktir í mars eru sem hér segir:

1.mar.19	9.A
8.mar.19	9.HP
15.mar.19	9.Í
22.mar.19	2.BÓ
29.mar.19	2.GÞ

Foreldrar—munið útivistartímann!

Sun

Mán

Þri

Mið

Fim

Fös

Lau

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	<b>Öskudagurinn 6. mars - stuttur skóladagur</b>  <p>Allir nemendur mæta kl. 8:30 í sínar heimastofur. Þá er dagskrá til kl. 11:30 þegar hádegismatur hefst og að því búnu fara nemendur heim eða í Frístund. Að venju eru pizzur í matinn á öskudaginn og þeir sem ekki eru í mataráskrift geta keypt miða hjá ritara á 480 krónur. Að sjálfsgöðu mæta svo allir í búning :)</p>				1.	
	<b>4.</b> Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir. <b>Bolludagur</b>	<b>5.</b> Saltkjöt m/ jafningi, soðnum kartöflum og grænum baunum. Ávextir. <b>Sprengidagur</b> <b>Fræðslufundur - transbörn í skólum</b>	<b>6.</b> Pizza og safi. <b>Öskudagur</b> <b>Skóli kl. 8:30-12:00</b>	<b>7.</b> Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar</b>	<b>8.</b> Nautahakk, linsur og heil- hveitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	<b>9.</b>
10.	<b>11.</b> Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Samr. próf í 9.b - ísl.</b>	<b>12.</b> Píta með skinku- strimlum, grænmeti og pítusósu. Ávextir. <b>Samr. pr. í 9.b - stæ.</b>	<b>13.</b> Ungversk gúlassúpa m/ nautagúlassi, grænmeti og grófu brauði. Ávextir. <b>Samr. próf í 9.b - ens.</b>	<b>14.</b> Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	<b>15.</b> Úrbeinuð kjúklingalæri í grillmixi m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	<b>16.</b>
17.	<b>18.</b> Langa í sítrónusmjöri m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir.	<b>19.</b> <b>Skipulagsdagur</b> <b>Frístund opin</b>	<b>20.</b> Grænmetisbollur m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir.	<b>21.</b> Fiskiborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku og paprika, kartöflubátum og sósu. Ávextir.	<b>22.</b> Lasagna m/ grófu snittu- brauði. Salatbar og ávextir.	<b>23.</b>
24.	<b>25.</b> Ófnbakaður lax m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir.	<b>26.</b> Kalkúnabollur í BBQ m/ brúnum hrísgrjónum og maísbauum. Salatbar og ávextir. <b>Þemadagur</b>	<b>27.</b> Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir. <b>Þemadagur</b>	<b>28.</b> Heimalagaður plock- fiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir. <b>Fræðslufundur - mótlætaþol barna</b>	<b>29.</b> Lambasnitset (innrælæri) m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	<b>30.</b>

**Muna:**

- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- **Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Linda- safni á miðvikudögum kl. 14:30-16:30**
- **Útivistartími: Börn, 12 ára og yngri til kl. 20.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.**